

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla í samráðsgátt.

Samantekt á meginatriðum

Háskóli Íslands telur mikilvægt að efla starfsnám í landinu. Skólinn telur á hinn bóginn rétt að skoða aðrar leiðir til að efla slíkt nám en að opna ákvæði um almenn inntökuskilyrði í lögum um háskóla og þrengja síðan inntökuskilyrði hvers háskóla fyrir sig. Hætt er við að slíkt valdi misskilningi og óþarfa erfiðleikum í samskiptum háskóla annars vegar og nemenda og framhaldsskóla hins vegar. Almennur telur Háskóli Íslands ekki vænlegt að gera minni kröfur um bóklegan undirbúning nemenda fyrir háskólanám en nú er gert. Þá hefur Ísland gert samninga við önnur lönd um gagnkvæma viðurkenningu náms og kann grundvallarbreyting á inntökuskilyrðum háskóla að setja það samstarf í uppnám. Háskóli Íslands telur ráðlegra að gera greinarmun á lokaprófum sem veita almennan aðgang að háskólanámi, stúdentsprófi, og prófum sem veita afmarkaðan aðgang, önnur lokapróf á 3. hæfniprepi.

Inngangur

Háskóli Íslands telur brýnt að umræða skuli tekin um inntökuskilyrði háskóla því lagaákvæði sem gilda um undirbúning nemenda undir háskólanám og inntöku þeirra í háskóla þurfa að vera skýr. Grunnforsendan er að nemendur sem heimilað er að hefja háskólanám hafi aflað sér fullnægjandi undirbúnings til að geta tekist á við háskólanám með viðunandi árangri.

Á það skal bent að einungis hluti námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi veita almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Háskóli Íslands hefur áður bent á að ekki sé tryggður nægilegur undirbúningur á þeim námsbrautum sem þó leiða til stúdentsprófs. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 er að jafnaði 150 til 240 feininga nám að baki námslokum á þriðja hæfniprepi. Í stúdentsprófi skulu vera a.m.k. 200 feiningar, þar af að lágmarki 45 feininga kjarni í ensku, íslensku og stærðfræði. Í íslensku skulu vera að lágmarki 10 feiningar á þriðja hæfniprepi og í ensku og stærðfræði skulu vera að lágmarki 5 feiningar á öðru hæfniprepi. Ekki er gerð sambærileg krafa til annarra námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi, þar er einungis krafist hæfni sem samsvarar fyrsta hæfniprepi í þessum greinum.

Tillagan í frumvarpsdrögunum

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að önnur próf á 3. hæfniprepi en stúdentspróf veiti almenn sama aðgang að háskólanámi og stúdentspróf. Ef staðfestar námsbrautir á þriðja hæfniprepi, aðrar en námsbrautir til stúdentsprófs, eru skoðaðar kemur í ljós að algengt virðist vera að brautirnar séu skipulagðar með 10 feiningum í íslensku og ensku (á öðru hæfniprepi) og 5 í stærðfræði, þó í einhverjum tilvikum séu feiningarnar færri en öðrum fleiri. Þetta felur ekki í sér nægilegan undirbúning undir nám á háskólastigi. Að mati Háskóla Íslands þarf undirbúningur nemenda sem teljast uppfylla almenn inntökuskilyrði í háskóla að vera að lágmarki 20 feiningar í ensku og íslensku (þar af 10 í hvorri grein á þriðja hæfniprepi), það er því ljóst að þessar brautir ná ekki því marki. Þar fyrir utan telur Háskólinn æskilegt að í kjarna slíkra námsbrauta séu einnig feiningar í stærðfræði, sögu, raungreinum og félagsgreinum (samtals 85-100 feiningar í kjarna).

Námsframvinda og gæði náms

Almenn inntökuskilyrði í háskóla þurfa að tryggja að nám sem veitir almennan aðgang að háskólum innihaldi sameiginlegan kjarna sem undirbúi nemendur fyrir nám á hvaða fræðasviði sem er. Enn meiri þörf er á slíkum undirbúningi í dag þegar lögð er aukin áhersla á þverfræðilega nálgun og sveigjanleika vinnuafis. Gæði náms felast meðal annars í því að

viðmið og skipulag styðji við námsframvindu og tækifæri nemenda til að nýta sér fjölbreytt námsframboð innan háskóla.

Reynsla Háskóla Íslands og annarra háskóla sýnir að umtalsverður kostnaður getur falist í því að hleypa nemendum í nám sem þeir eru ekki nægilega undirbúnir fyrir. Í sumum tilvikum getur þetta komið niður á þeim námskröfum sem gerðar eru í námskeiðum og í öllum tilvikum dregur þetta úr gæðum námsins hjá þeim nemendum sem mæta vel undirbúnir til náms. Þá getur það reynst nemendum ákaflega erfitt andlega ef þeir hefja illa undirbúnir nám sem þeir ráða ekki við.

Háskóli Íslands hefur því lagt til að námsbrautir sem veiti almennan aðgang að háskólanámi á Íslandi (og þar með einnig að háskólanámi í nágrannalöndum okkar) innihaldi 85 til 100 feininga almennan kjarna í stað þess 45 feininga kjarna sem er krafist í dag. Með þessari áherslu er ekki verið að gera lítið úr námi í iðn-, list- og tæknigreinum, heldur er verið að leitast við að tryggja að þessir nemendur hafi fengið nægan undirbúning til þess að takast á við háskólanám á hvaða fræðasviði sem er.

Alþjóðlegt samhengi

Þá er rétt að vekja athygli á að í 1. mgr. 19. gr. laga um háskóla er kveðið á um að tryggt skuli að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Að mati Háskóla Íslands er mikilvægt að Alþingi og menntamálayfirvöld hafi þetta í huga við orðalag ákvæða í lögum um inntökuskilyrði háskóla og við framsetningu reglna um inntak þeirra prófa sem veita eiga aðgang að háskólanámi. Í því samhengi er Ísland ekki eyland. Þannig er mikilvægt að löggjafinn og menntamálayfirvöld hafi til hliðsjónar þau lög og þær reglur sem gilda um inntökuskilyrði og undirbúningsnám nemenda í nágrannalöndum okkar, ekki síst vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa í áranna rás gert samninga við nágrannalönd sín, einkum hin Norðurlöndin, um gagnkvæmt mat á námi – og mjög náið samstarf er á milli háskóla og matsaðila í Evrópu um mat og viðurkenningu inntökuskilyrða í háskóla og um háskólanám almennt.

Í nágrannalöndum okkar er gerður greinarmunur á annars vegar almennum aðgangi að háskólanámi og hins vegar takmörkuðum aðgangi. Til þess að próf úr framhaldsskóla veiti almennan aðgang að námi í háskóla þarf námið að innihalda ákveðinn sameiginlegan kjarna sem samanstendur af móðurmáli, ensku, stærðfræði, sögu, raungreinum og félagsgreinum, og í sumum tilvikum þriðja tungumáli. Próf úr framhaldsskólum sem ekki innihalda þennan almenna kjarna geta veitt takmarkaðan aðgang að háskólum í nágrannalöndum okkar, þ.e. aðgang að frekara námi á sama fræðasviði, og þá gjarnan í starfstengt háskólanám.

Gæta verður að því að nám til undirbúnings háskólanámi verður að byggjast á því að viðkomandi nemandi sé að því loknu fær um að takast á við háskólanámið. Í hnotskurn er vandinn sá, eins og málum er nú háttað, að hugtakið stúdentspróf er samheiti um mjög fjölbreytt nám með mismunandi innihaldi. Þegar gengið var frá samningum (norrænum og evrópskum) um gagnkvæmt mat á námi milli landanna innihéldu þau próf á Íslandi sem veittu aðgang að háskólanámi þennan kjarna (sem nam samtals 130 feiningum af rúmlega 200 feiningum til stúdentsprófs) sem veitti almennan aðgang í hinum löndunum. Með þeim breytingum sem átt hafa sér stað á námi við framhaldsskóla á Íslandi með innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 hefur þetta breyst til muna. Ekki er lengur tryggt að stúdentsprófið innihaldi þann almenna kjarna sem talinn er nauðsynlegur til almenns aðgangs að háskólanámi í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Að mati Háskóla Íslands er mikilvægt að fram komi í lögum um háskóla hvaða tilgreind próf veiti almennan aðgang að háskólanámi á Íslandi þar sem erlendum háskólum er einnig gert að taka mið af ákvæðum laganna við mat á umsækjendum frá Íslandi samkvæmt samningum sem gilda þar um (t.d. á milli Norðurlandanna). Mikilvægt er að þetta sé skýrt og ótvírætt í lögum, ella eykst enn á þann vanda sem háskólar og matsaðilar standa frammi fyrir við mat á undirbúningi nemenda – og jafnframt getur dregið úr trúverðugleika hins íslenska menntakerfis gagnvart öðrum þjóðum.

Háskólinn telur æskilegt að meginreglan sé orðuð skýrar í lögunum en nú er, þ.e. að tiltekin samsetning stúdentsprófs (með 85-100 feininga kjarna) veiti almennan aðgang, en að önnur lokapróf á 3. hæfniprepi veiti takmarkaðan aðgang að háskólanámi, samkvæmt nánari ákvörðun einstakra háskóla, og þeim verði gert að setja sér reglur þar um.

Menntasjóður námsmanna

Komi þessi breytingartillaga til framkvæmda, vakna óhjákvæmilega spurningar um lánshæfi náms á þriðja þrepi hjá Menntasjóði námsmanna. Þegar löggjafinn ákvað að veita lán til starfsnáms en ekki bóknáms á framhaldsskólastigi var það gert á þeirri forsendu að með því væri verið að veita jöfn tækifæri til bóknáms og starfsnáms, bóknámsnemendur gætu haldið áfram námi á háskólastigi og fengið lán til þess, en slíkt nám stæði starfsnámsnemendum að öllu jöfnu ekki til boða. Vandséð er að heimilt sé að gera þennan greinarmun á tegundum lokaprófa á þriðja hæfniprepi þegar kemur að námsaðstoð ef þau teljast öll uppfylla almenn inntökuskilyrði háskóla. Ef hins vegar stúdentspróf teljast ein uppfylla almenn inntökuskilyrði, en önnur lokapróf á hæfniprepi þrjú geti gefið afmarkaðan rétt til áframhaldandi náms á sama sviði (eins og þekkist í nágrannalöndum okkar) kunna að vera forsendur fyrir því að gera þennan greinarmun.

Lokaorð um aðferðafræði

Háskóli Íslands hefur eins og áður sagði efasemdir um þá aðferðafræði sem hér virðist fylgt, að löggjafinn opni aðgang að háskólanámi með þeim hætti sem til er lagt, en geri síðan ráð fyrir að háskólarnir eða háskóladeildir þeirra takmarki aðgang. Þetta kann að vekja upp væntingar sem ekki er innstæða fyrir. Eðlilegra er að meginreglan sé orðuð í lögunum (krafan um stúdentspróf) og rýmri heimildir til inntöku komi í undanþáguákvæðum eða nánari ákvæðum, t.d. er varðar inntöku í fagháskólanám. Einnig mætti hugsa sér að breyta ekki núverandi orðalagi en bæta við að „önnur lokapróf á 3. hæfniprepi geti veitt takmarkaðan aðgang að háskólanámi samkvæmt nánari ákvörðun einstakra háskóla.“